

**22. fundur stjórnar Stjórnstöðvar ferðamála (SF)**  
**Haldinn þriðjudaginn 17. september 2019 kl. 15:00.**  
**Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Skúlagötu 4**

---

**Viðstaddir:**

*Stjórnarmenn:* Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra, formaður, Aldís Hafsteinsdóttir, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, Bjarnheiður Hallsdóttir, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, Bogi Nils Bogason, Ingibjörg Ólafsdóttir og Þórir Garðarsson, öll frá Samtökum ferðaþjónustunnar.

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, var fjarverandi en Páll Ásgeir Guðmundsson aðstoðarmaður sat fundinn í hans stað. Guðmundur Ingi Guðbrandsson, umhverfis- og auðlindaráðherra var fjarverandi en Orri Páll Jóhannsson aðstoðarmaður sat fundinn í hans stað. Sigurður Ingi Jóhannsson samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra og Kristján Þór Magnússon frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga voru fjarverandi.

*Aðrir:* Jóhannes Þór Skúlason, framkvæmdastjóri SAF (áheyrnarfulltrúi), Óskar Jósefsson, framkvæmdastjóri SF, Ólafur Teitur Guðnason aðstoðarmaður ferðamálaráðherra, Skarphéðinn Berg Steinarsson, ferðamálastjóri (áheyrnarfulltrúi) og Sigrún Brynja Einarsdóttir (ANR) sem ritaði fundargerð.

---

1. Fundargerð síðasta fundar (*til samþykktar*).

Fundargerð síðasta fundar var samþykkt og verður birt á vefsíðu ANR.

2. Merkingar – tillaga að fyrirkomulagi (*ferðamálastjóri*).

Staða verkefnis var rædd. Tillögur verða lagðar fyrir næsta fund.

3. Áfangastaðastofur – DMO, frh.. (*framkvæmdastjóri, ferðamálastjóri*).

Framkvæmdastjóri og ferðamálastjóri lögðu fram minnisblað um möguleika í stofnun áfangastaðastofa á grunni skýrslu Daniel Byström um erlendar fyrirmyndir. Rætt um efni minnisblaðsins. Samþykkt að halda vinnslu verkefnisins áfram með því að funda með hagaðilum og kanna sjónarmið til tillagna sem birtast í minnisblaðinu.

4. Talningar ferðamanna (*framkvæmdastjóri*)

a) Á Keflavíkurflugvelli

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu málsins. Málið var rætt og samþykkt að skipa formlegan starfshóp með fulltrúum ferðamála-, dómsmála-, fjármála- og samgönguráðherra með fyrirvara um samþykki dómsmálaráðherra.

b) Á landi

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir stöðu málsins. Málið var rætt og samþykkt að skipa formlegan starfshóp með fulltrúum ferðamála-, dómsmála-, fjármála- og samgönguráðherra með fyrirvara um samþykki dómsmálaráðherra.

5. Aðgerðabundin stefnumótun, staða (*framkvæmdastjóri, EFLA*)

Ólafur Árnason frá EFLU sat fundinn undir þessum dagskrárlið, en gengið hefur verið til samninga við EFLU um aðgerðabundna stefnumótun til 2025 sem byggir á framtíðarsýn og leiðarljósi íslenskrar ferðaþjónustu til 2030 og jafnvægisás ferðamála. Ólafur gerði grein fyrir þeirri vinnu sem þegar er hafin og er framundan. Tímaáætlun gerir ráð fyrir að verkinu ljúki í mars 2020.

6. Önnur mál.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 16:20.